

Gufunesvegur 4 (fsp). Fjarskiptastaur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Lúðvíks Stefánssonar, dags. 5. júlí 2023, um að reisa staur fyrir farsímaþjónustu á lóð nr. 4 við Gufunesveg, samkvæmt tillögu Íslandsturna, dags. 5. júlí 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Loftmynd. Ja.is, 2022.



Ljósmynd af Gufunesvegi 4.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Gufunesvegur 4 á skilgreindu Opnu svæði, nánar til tekið OP8, í Gufunesi.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir umrædda lóð.

Umsókn

Óskað er eftir því að reisa staur fyrir farsímaþjónustu til að sinna nærumhverfinu á lóð nr. 4 við Gufunesveg á vegum Íslandsturna. Mikið hefur verið kvartað yfir símasambandi í hverfinu sem nú er í byggingu. Reiknað er með að mastrið verði 15 m á hæð og verður útiskápur settur við hlið þess.

Umsögn

Ekki er samþykkt reisa 15 m samskiptamastur fyrir einn þjónustuaðila á umræddri lóð. Í stað þess leggur skipulagsfulltrúi til að reisa skuli sameiginlegt samskiptamastur fyrir mismunandi þjónustuaðila á eina háa byggingu á svæðinu. Hér kæmi m.a. hús Reykjavík Studios, Þengilsbás 14 til greina. Umsækjandi þarf hins vegar að óska eftir leyfi hjá viðkomandi lóðarhafa.

Leggja þarf inn byggingarleyfisumsókn og þegar umsögn/ samþykki lóðarhafa liggur fyrir verður hægt að grenndarkynna erindið.

Niðurstaða

Neikvætt. Ekki er samþykkt að reisa 15 m samskiptastaur á umræddri lóð sbr. umsögn að ofan.

f.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.